

11. júní 1979.

243

Nr. 69.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um hækkun oliugjalds til fiskiskipa og verðuppbót á vannýttar fisktegundir.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér að til þess að greiða fyrir ákvörðun nýs fiskverðs og gera útvegsmönnum þar með kleift að rísa undir hækkun olíuverði og til þess að halda uppi verði á vannýttum fisktegundum, beri nú brýna nauðsyn til að hækka tímabundið oliugjald til fiskiskipa og heimila greiðslu uppbótar á verð á karfa og ufsa. Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

1. gr. laga nr. 4 2. mars 1979 orðist svo:

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn eða afhendir afla sinn til vinnslu áu þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki oliugjald, er nemi 7% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Oliugjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

#### 2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga um útflutningsgjald nr. 5 13. febrúar 1976 sbr. lög nr. 3 2. mars 1979, skal heimilt að verja 500 milljónum króna af tekjum Tryggingasjóðs fiskiskipa og 700 milljónum króna af tekjum Aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi til þess að bæta upp verð á karfa og ufsa á tímabilinu 15. maí 1979 til 31. desember 1979. Fjárhæð þessarar uppbótar á hvert kílógramm af framangreindum tegundum skal ákveðin innan fyrrgreindra marka af Verðlagsráði sjávarútvegsins með fiskverðsákvörðun hverju sinni. Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um greiðslu þessarar uppbótar og skal Fiskifélag Íslands annast greiðslurnar til útgerðaraðila. Uppbót á karfa- og ufsaverð skv. þessari grein skal koma til skipta og aflaverðlauna eins og annað fiskverð.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra til afla á tímabilinu 15. maí til 31. desember 1979.

*Gjört í Reykjavík 11. júní 1979.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Kjartan Jóhannsson.*